



Horft suður Breiðamerkurjökul yfir Esjufjöllum. Fremst eru Skálabjörg, vestan við ísfylltan Esjudal, en syðst í þeim Lyngbrekkutindur og við rætur hans er skáli Jöklarannsóknafélags Íslands. Fossadalur er á miðri mynd milli Skálabjarga og Vesturbjarga. Frá þeim, Esjubjörgum og Austurbjörgum berst bergmylsna með Esjufjallarönd niður að Jökulsárlóni. Mávabyggðarönd nær frá Fingurbjörgum niður á jökulsporð austan við Breiðárlón, en milli þess og Breiðamerkurfjalls sést Fjallsá falla til sjávar og í sömu stefnu bryddir á Kárasker í jöklinum. Breiðamerkurjökull stíflar Innri-Veðurárdal í Veðurárdalsfjöllum. Þar flutu ísjakar á jökullóni í ágúst 2006 og lón var í Fossadal. Esjufjöll eru forn megineldstöð. Þau voru friðlýst árið 1978. (Texti: /Text. Helgi Björnsson). – *A view toward south over Breiðamerkurjökull, the nunataks Esjufjöll and their medial moraines.* Ljósmynd./Photos Helgi Björnsson, nóvember/Nov. 1994 og/and Snævarr Guðmundsson, ágúst /Aug. 2006.



Skeiðarárjökull teygir hramm sinn suður á Skeiðarársand. Austast fellur leysingarvatn til Skeiðarár en vestar til Gígju. Við jökulhlaup hafa ísjakar dreifst um sandinn, strandað, síðan bráðnað og jakaker myndast. Reglubundnir jökulgarðar, samsíða jökuljaðrinum, líkjast þvottabretti (með um 30 m millibili). Jökullinn hopaði ár frá ári en stóð kyrr að vetri svo að garðarnir ýttust upp. Suður sandinn stefna þurrir farvegir en áður rann þar vatn og skolaði burt jakakerjum og jökulöldum. Mest rauf stórhlaupið í nóvember 1996 sem ruddist vestur með jökuljaðrinum í Gígju. Í farvegi þess urðu til ný jakaker. Við sporðinn er nú nær samfellt lón með fljótandi ísjökum. Óreglulegt mynstur gjóskulaga endurspeglar breytileika í ísþykkt og skriðhraða íssins. Vestast rís Lómagnúpur. – *The margin of Skeiðarárjökull before (upper) and after (lower) the catastrophic Grímsvötn jökulhlaup in November 1996. Note the annual washboard moraines and the kettle holes.* (Texti:/Text. Helgi Björnsson). Ljósmynd./Photos Helgi Björnsson, ágúst/Aug. 1994 og/and Snævarr Guðmundsson, ágúst/Aug. 2006.